



Alþingi
B.t. Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kópavogi, 20. nóvember 2023

Þyrlupallur á Heimaey

75. Mál, þingskjal 75

Efni: Umsögn Félag íslenskra atvinnuflugmanna um tillögu til þingsályktunar um þyrlupall á Heimaey.

Vísað er til erindis frá Nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 09. nóvember 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Félagi íslenskra atvinnuflugmanna um tillögu til þingsályktunar um þyrlupall á Heimaey, 75. mál, þingskjal 75.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) tekur undir tillögu til þingsályktunar sem lögð var fram á nýju á 154. Lögjafarþingi án breytinga (75. mál).

FÍA vísar til fyrri umsagnar öryggisnefndar félagsins (ÖFÍA) síðan 8. Mars 2021. Auk þess telur FÍA mikilvægt að áréttu eftirfarandi atriði.

- Að haldið sé áfram vinnu að EGNOS leiðréttingastöð svo hægt sé að útbúa nákvæmnisaðflug inn að þyrlupalli og/eða PINS (point in space) aðflugi.
- Auk sjálfvirkra veðurstöðva og vindpoka gætu vefmyndavélar með nætursjón, staðsettar víðsvegar um eyjuna, aukið öryggi og auðveldað skipulagningu flugs.
- Það er mikilvægt að í þessu samhengi fylgi orð og efndir alla leið. Því er nauðsynlegt að ISAVIA verði tryggt nægt fjármagn til uppbyggingar og reksturs slíkrar þjónustu á Heimaey ef/þegar umrædd þingsályktunartillaga verður samþykkt.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Félags íslenskra atvinnuflugmanna


Jóhannes Jóhannesson

Stjórnarmaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna

Fylgigögn: *Umsögn Félags íslenskra atvinnuflugmanna 8. Mars 2021*



Nefndasvið Alþingis
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kópavogi, 8. mars 2021

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þyrlupall á Heimaey.

Félagi íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) hefur borist beiðni um umsögn varðandi tillögu til þingsályktunar um þyrlupall á Heimaey, 144. mál, lögð fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021. Öryggisnefnd félagsins (ÖFÍA) hefur kynnt sér efni þingsályktunartillögunnar og leggur fram eftirfarandi umsögn vegna hennar.

ÖFÍA tekur undir tillögu til þingsályktunar um þyrlupall á Heimaey. Að byggja þyrlupall eða afmarkaðan landingarstað fyrir þyrlur með hörðu undirlagi á Heimaey er mikilvægt öryggisatriði sem varðar bæði heilbrigðisþjónustu vegna bráðra sjúkraflutninga og flugöryggi björgunarþyrlna. Þegar að björgunarþyrlur Landhelgisgæslunnar (LHG) fara í sjúkraflug til Eyja er það í nánast öllum tilfellum vegna þess að sjúkraflugvél getur ekki lent þar vegna veðuraðstæðna. Það er aðstæður á flugbrautum leyfa ekki landingarflugvéla. Í sumum tilfellum getur vel útbúinn björgunarþyrla athafnað sig á flugvellinum en stundum er jafnvel ekki mögulegt fyrir þyrlur að nota flugvöllinn og eru áhafnir þá tilneyddar að lenda á öðrum hentugum stöðum á Heimaey. Þeir staðir sem oftast hafa verið notaðir eru "Hamarinn" eða "Klaufin" á Stórhöfðavegi. Að þurfa að lenda björgunarþyrlu á vegi með almennri umferð í slæmu skyggni getur ekki talist örugg aðferð til langframa.

Að útbúa landingarstað opnar á möguleika að gera svokallað GPS (RNAV) aðflug að pallinum, jafnvel stutt EGNOS leiðréttingarmerki í framtíðinni, sem myndi enn auka á öryggi flugs. Ef veðuraðstæður eru það slæmar að ekki er hægt að lenda á flugvellinum vegna þoku, þá hefur hingað til verið flogið mjög lágt inn frá sjó að ströndu þar til sést niður og þá lent stundum í skyggni sem er ekki nema 50 - 100m. Þetta eru mjög hættuleg flug og eru ekki framkvæmd nema líf liggja við. Ákvörðun um að taka að sér sjúkraflugsverkefni sem sjúkraflugvél Mýflugs hefur gefið frá sér er gerð í samráði þyrlulæknis og flugstjóra þar sem áhætta og nauðsyn flugsins er metin. Að öllu jöfnu ef líf liggur undir þá fer þyrla LHG alltaf af stað.



En það er ekki áhættulaust og skemmst er að minnast slyss Írsku Strandgæsluþryllunnar Rescue 116 þann 14. mars 2017 sem var flogið á klett í hafinu undan ströndum Írlands í slæmu skyggni. Þessi klettaey var ekki merkt á kortum þryllunnar.

"In the early hours of 14 March 2017, a Sikorsky S-92 helicopter operated by CHC Helicopter under contract to the Irish Coast Guard (call sign Rescue 116) crashed into the sea while supporting a rescue operation off County Mayo, on Ireland's west coast. All four crew members on board, Captain Dara Fitzpatrick, Chief Pilot Mark Duffy, winch operator Paul Ormsby, and winch man Ciáran Smith were killed." (Wikipedia)

Aðstæður við Vestmannaeyjar eru ekki ólíkar þar sem flogið er úr vestri og þarf að forðast Þrídranga, Eindrang og Smáeyjar á leið inn til landingar. Fjöldi útkalla sem LHG til Eyja hefur tekið undanfarin þrjú ár og sem Sjúkrflugvél Mýflugs hefur gefið frá sér og hafa verið svo aðkallandi að líf lá við er eftirfarandi:

10 útköll 2018

5 útköll 2019

7 útköll 2020

Þetta eru allt útköll þar sem sérútbúinn landingarstaður fyrir þrylu hefði aukið öryggi til muna. Kostnaður við slíkan landingarstað þarf ekki að vera mikill, en hann þarf að vera um 20x20m að stærð með hindranalausum öryggisvæði í kring. Vindpoki og sjálfvirk veðurstöð (Auto-METAR) þarf að vera til staðar þá hugsanlega sinnt af flugvallarstarfsmanni ISAVIA. Ljósabúnaður er ekki svo nauðsynlegur fyrir þrylur LHG þar sem þær notast við nætursjónauka en ef á seinni tímum einhver önnur sjúkraflugspjónusta með minni þrylum verður um að ræða þá er líklegt að þær hafi ekki nætursjónauka og þar gæti lýsing nýst þeim vel í myrkri. Endanleg staðsetning á hentugasta stað fyrir pall þyrfti að ákveða í samráði við hagsmunaaðila LHG, ISAVIA og Vestmannabæ og vera gerð með tilliti til möguleika á RNAV aðflugi.

F.h. Félags íslenskra atvinnuflugmanna

Walter Ehrat, ÖFÍA

Rafræn undirskrift #2456